

rikissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ingvari S. Ingvarssyni, fébætur að fjárhæð kr. 1.500.00 með 6% ársvöxtum frá 18. febrúar 1956 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1958.

Nr. 109/1958. **Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Stefáni Sigurðssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.**

Um rétt barnakennara til ellilífeyris.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Þá krefst og málf lutningsmaður stefnda þess, að honum verði dæmd málf lutningslaun úr rikissjóði, hvernig sem málið fer.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra nr. 102/1943 gátu barnakennarar öðlazzt rétt til árlegs ellilífeyris úr sjóðnum með tvennum hætti: 1) með því að hafa verið sjóðfélagar í 10 ár, vera orðn-

ir 65 ára að aldri og hafa greitt iðgjöld í sjóðinn til þess tíma, og 2) með því að hafa verið sjóðfélagar í 10 ár, að samanlagður aldur þeirra og þjónustutími næmi 95 árum og að þeir hefðu greitt iðgjöld til þess tíma.

Með 7. gr. laga nr. 35/1955 var úr lögum numin hin síðargreinda regla um rétt til ellilífeyris, þegar sjóðfélagi hefði náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustutíma. Með 6. gr. sömu laga, sbr. nú 4. mgr. 8. gr. laga nr. 66/1955, var ákveðið, að iðgjaldagreiðslur skyldu falla niður, þegar sjóðfélagi hefði greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár. Þeir sjóðfélagar, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt eldri lögum, öðlast þau réttindi, sem hin nýju lög veita, enda greiði þeir iðgjöld samkvæmt ákvæðum þeirra, sbr. 16. gr. laga nr. 66/1955.

Áðurgreint nýmæli í 6. gr. laga nr. 35/1955, nú 4. mgr. 8. gr. laga nr. 66/1955, verður eigi skýrt öðruvísi en svo, að það sé bundið við rétt þann til árlegs ellilífeyris að fullnuðum 65 ára aldri, sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 66/1955, en að það taki ekki til hinnar eldri reglu um samanlagðan 95 ára aldur og þjónustutíma, sem numin var úr lögum samtímis því sem greint nýmæli var lögtekið. Er þessi skilningur á lögnum eðlilegastur, enda styðst hann við greinargerð um 7. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 35/1955. Þeir sjóðfélagar, sem skipaðir höfðu verið barnakennarar fyrir gildistöku laga nr. 35/1955, þar á meðal stefndi, halda að sjálfsögðu áunnum rétti til ellilífeyris, þegar samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu eftir eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyris-sjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 5000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Laun skipaðs málflutningsmanns stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eru ákveðin samtals kr. 8000.00, og ber að greiða þau úr ríkis-sjóði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Stefáns Sigurðssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 5000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Laun skipaðs málflytningmanns stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 8000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Stefán Sigurðsson, Hjallavegi 31, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. marz 1958, gegn Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra og haft uppi þessar kröfur: „Að viðurkennt verði að honum sé óskyldt að greiða iðgjöld til stefnda eftir 1. október 1955, en eigi samt rétt til að hætta störfum og njóta hæstu eftirlauna samkvæmt reglum 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, er samlagður aldur hans og þjónustutími sé orðinn 95 ár, . . . að stefndi verður dæmdur til að endurgreiða honum ofgreidd iðgjöld að fjárhæð kr. 4.709.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags.“ Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. apríl s.l., var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem kveðst vera fæddur 14. marz 1901, telur sig hafa starfað sem barnakennara frá því um haustið 1923 og greitt iðgjöld til stefnda síðan, þó þannig að úr hafi fallið einhver tími. Hinn 30. september 1955 hafði stefnandi greitt iðgjöld til stefnda í 30 ár. Er stefnandi hóf kennarastarfið, giltu um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra lög nr. 33 frá 1921. Í 3. gr. þeirra laga var ákveðið, að hver kennari skyldi kaupa lífeyri í sjóðnum og verja til þess 7% af árslaunum sínum, en í 3. mgr. 4. gr. laganna var sagt, að þegar barnakennari væri orðinn 70 ára að aldri eða samlagður aldur

hans og þjónustutími væri 95 ár, ætti hann rétt á að leggja kennslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögnum. Þessi lög voru numin úr gildi með lögum nr. 102 frá 1943, en í 8. gr. þeirra segir, að sjóðfélagar, þ. e. allir barnakennarar, sem laun taki eftir launalögum barnakennara, skuli greiða ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og í 10. gr. 1. mgr. segir svo: „Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annað hvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum“. Í 15. gr. laganna var þess getið, að þeir, sem keypt hefðu sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 frá 1921, skyldu öðlast réttindi samkvæmt nýrri lögnum, ef þeir greiddu iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá gildistöku þeirra (þ. e. 1. júlí 1944). Á Alþingi 1954 kom fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 102 frá 1943, og segir í upphafi athugasemda við lagafrumvarp þetta, að meiri hluti stjórnar stefnda hafi tjáð sig samþykkan breytingartillögnum. Í 6. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga féllu niður, þegar hann hefði greitt iðgjöld í 30 ár. Í athugasemdum segir svo um þessa tillögu: „Samkvæmt 10. gr. laga nr. 102/1953 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 30 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 30 ára iðgjaldagreiðslum nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til þess að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru eftir að 30 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, er óréttlát, og er því lagt til, að iðgjaldagreiðslur standi ekki lengur en 30 ár.“ Í 7. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að niður félli ákvæðin um það, að sjóðfélagar ætti rétt á ellilífeyri úr sjóðnum, þegar samanlagður aldur sjóðfélaga og þjónustutími væri 95 ár. Um þessa grein frumvarpsins segir m. a. svo í athugasemdunum: „Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæðið um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustítíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar.“

Frumvarp þetta varð að lögum (nr. 35 frá 1955) og ákvæði þeirra voru síðan felld inn í lög nr. 102 frá 1943 og þau gefin út af nýju sem lög nr. 66 frá 1955. Ekki voru allir á einu máli um það, hvernig beita skyldi hinum nýju lagaákvæðum, og í

fundargerðabók Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hinn 9. janúar 1956 er það bókað, að meiri hluti stjórnar þess sjóðs og öll stjórn stefnda samþykki að beita 4. mgr. 8. gr. laganna um stefnda, að því er varðar greiðslu iðgjalda (þ. e. að greiðslur hætti eftir 30 ár), en gefa jafnframt sjóðfélaga kost á að greiða áfram, vilji hann njóta réttar þess, sem 95 ára samanlagður aldur og þjónustutími veitir samkvæmt 10. gr. laga nr. 102 frá 1943. Stefnandi hafði, þegar þetta gerðist, greitt iðgjöld til stefnda í 30 ár og taldi sér heimilt að hætta greiðslum, en þegar hann varð þess vísari, að stjórn stefnda taldi hann verða að halda þeim áfram, ef hann vildi halda rétti til að notfæra sér margnefnda 95 ára reglu, hélt hann áfram greiðslum með fyrirvara um endurheimtu, enda vildi hann ekki eiga á hættu réttindamissi. Hins vegar bar hann málið undir Samband íslenzkra barnakennara, sem skrifaði stjórn stefnda um það hinn 9. maí 1957. Tryggingastofnun ríkisins svaraði bréfinu f. h. stefnda hinn 2. júlí 1957 og segir m. a. svo í svarinu:

„Samkvæmt hinu nýja ákvæði í 6. gr. laga nr. 35 frá 14. maí 1955 falla iðgjaldagreiðslur niður eftir 30 ár, og er það skoðun sjóðsstjórnarinnar, að þá fari um rétt til að hætta störfum og eftirlaun eftir þeim sömu lögum. Hins vegar telur stjórnin, að þeim sjóðfélögum, sem þess óska, sé heimilt að njóta réttar þess, sem 95 ára samanlagður aldur og starfsaldur veitti samkvæmt 10. gr. laga nr. 102/1943, enda greiði þeir þá iðgjald eins og áður var samkvæmt þeim lögum.“

Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi frá upphafi greitt iðgjöld til stefnda á þeim forsendum, að hann ætti rétt á að hætta störfum og taka lífeyri, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími væri orðinn 95 ár. Telur hann, að þessi réttur verði ekki af sér tekinn bótalaust, enda sé ótvírátt gert ráð fyrir því í fyrrgreindu lagafrumvarpi, að þeir menn haldi rétti þessum, sem voru orðnir sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 35 frá 1955. Stefnandi kveður hámarkseftirlaunarétti náð, þegar greidd hafi verið iðgjöld til stefnda í 30 ár, sbr. 10. gr. laga nr. 66 frá 1955 og með ákvæðum 6. gr. laga nr. 35 frá 1955 hafi verið ákveðið, að enginn sjóðfélagi þyrfti að greiða iðgjöld lengur en 30 ár. Ákvæðið um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sé skilyrðislaust, enda byggt á því, að iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veiti, sé óréttlát. Telur hann af þessu ljóst, að með öllu sé heimildarlaus framangreind samþykkt stefnda um að gera fram-

hald iðgjaldagreiðslu af hans hálfu skilyrði þess, að hann haldi rétti sínum, er miðaður sé við 95 ára samanlagðan aldur og þjónustutíma. Á tímabilinu frá 1. október 1955 til 31. desember 1957 hefur stefnandi greitt stefnda iðgjöld að fjárhæð samtals kr. 4.709.36 og er á því byggð endurgreiðslukrafan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að rétt sé og eðlilegt, að þeir menn, sem njóta vilja hlunninda 95 ára reglunnar samkvæmt hinum eldri lögum (nr. 33 frá 1921 og 102 frá 1943), efni þær skyldur, er sömu lög lögðu þeim á herðar, þ. e. að greiða iðgjöld sín þar til 95 ára markinu sé náð, enda geti þeir ekki vænt þess að njóta að auki hlunninda nýrri laga, sem veitt séu öðrum þræði til þess að vega upp á móti afnámi hinna fyrri. Bendir hann á það, að margir þeirra manna, er njóta réttar 95 ára reglunnar, muni eiga kost á að hætta störfum og taka lífeyri löngu áður en þeir verða 65 ára að aldri og á meðan starfsfjör þeirra sé óskert. Kjósi þeir þá að fresta heimtu lífeyris og starfa áfram, taki lífeyrisréttur þeirra þá þegar að hækka um 2% á ári hverju, þótt aðrir sjóðfélagar verði að bíða eftir hvoru tveggja til 65 ára aldurs síns. Þessar aðstæður telur stefndi ganga í berhögg við yfirlýstan tilgang laganna frá 1955, en þar segir m. a. í athugasemdum við 7. gr. frumvarps til laga nr. 35 frá 1955: „En það er alls ekki tilgangur laganna um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra að skapa starfshæfu fólki aðstöðu til að hætta störfum og taka eftirlaun, heldur hitt, að tryggja þeim mönnum lífeyri, sem vegna elli eða örorku verða að hætta störfum og missa þar með vinnutekjur sínar.“ Einnig bendir stefndi á það, að fram kom á Alþingi 1953 frumvarp um að fella niður greiðslu iðgjalda hjá þeim, sem greitt hefðu í 30 ár svo og um 2% árlega aukningu lífeyris, samkynja þeirri, er nefnd var hér að framan. Þetta frumvarp var til breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (nr. 101 frá 1943) og var síðari tillagan samþykkt þá, en hin fyrri felld, en jafnframt samþykkt svohljóðandi bráðabirgða-ákvæði: „Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. desember 1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári.“ Telur stefndi, að hér sé átt við hækkingu á aldurstakmarki þeirra manna, sem njóta hagræðis 95 ára reglunnar, enda hafi sú regla verið úr gildi felld á næsta þingi og jafnframt

ákveðið 30 ára hámarkið um iðgjaldagreiðslur. Stefndi telur framangreinda endurskoðun hafa verið framkvæmda á lögum beggja sjóða, enda séu þeir hliðstæðir í öllum aðalatriðum og því gildi hið sama um niðurstöður endurskoðunarinnar, að því er báða varðar. Loks fullyrðir stefndi, að víðtæka röskun á fjárhag sjóðanna muni leiða af því, að kröfur stefnanda verði til greina teknar.

Mál þetta var flutt og dómtekið hinn 10. maí s.l. og með dómi 24. s. m. var vísað sjálfkrafa frá dómi kröfu stefnanda um það, að viðurkennt verði, að hann eigi rétt til að hætta störfum og njóta hæstu eftirlauna samkvæmt reglum 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, er samanlagður aldur hans og þjónustutími sé orðinn 95 ár. Var sá dómur byggður á fyrirmælum 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85 frá 1936, en hann var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. f. m. Var það talið skipta stefnanda miklu að fá þegar dómsúrlausn um, hver sé réttur hans á hendur stefnda og hver séu skilyrði þess réttar og bæri því að leggja dóm á efniskröfur hans. Málið var því flutt af nýju og dómtekið í dag, svo sem fyrr var sagt.

Af því, sem rakið var hér að framan um frumvarpið og meðferð þess, þykir verða að ráða það, að ætlun löggjafans hafi verið sú, að þeir menn, sem voru orðnir sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 35 frá 1955 skyldu halda rétti sínum til að láta af störfum og taka lífeyri, er aldur þeirra og starfstími samanlagt væri 95 ár. Hið nýja ákvæði um, að iðgjaldagreiðslur falli niður eftir 30 ár, er ekki háð fyrirvara um þessa menn og stefnda er ekki í lögunum veitt heimild til að áskilja sér endurgjald frá þeim fram yfir þann tíma. Samkvæmt þessu var stefnanda óskylt að greiða stefnda iðgjöld eftir 1. október 1955 til þess, að hann fengi haldið framangreindum réttindum og verður tekin til greina krafa hans um viðurkenningu á því. Einnig ber að dæma stefnda til endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 4.709.36 með vöxtum, eins og krafizt var, enda hefur stefnandi greitt fjárhæð þessa með fyrirvara um endurheimtu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningsþóknun hins skipaða talsmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnanda, Stefáni Sigurðssyni, er óskylt að greiða stefnda,

Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, iðgjöld eftir 1. október 1955. Stefnandi skal halda óskertum framangreindum rétti sínum til lífeyris.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.709.36 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 31/1936. **Guðmundur H. Kristjánsson f. h. Vörumarkaðarins s/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Ólafi Þorgrímssyni (sjálfur).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar hann, með stefnu 27. febrúar 1956. Krefst hann sýknu af kröfu stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Guðmundur H. Kristjánsson hefur fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 18. október 1954 lýst yfir því, að hann hafi verið einn af stofnendum Vörumarkaðarins s/f og lagt fé í fyrirtæki þetta, sem aldrei var skráð í firmaskrá. Hins vegar hefur hann í máli þessu andmælt því, bæði í héraði og hér